



Atvinnuveganefnd Alþingis
101 Reykjavík

Norðurlandi eystra, 5. júní 2024

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til 2030 í Samráðsgátt stjórnvalda.

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) fagna framkomnum drögum að ferðamálastefnu Íslands til 2030 og meðfylgjandi aðgerðaáætlun. Stefnan er bæði metnaðarfull og yfirgripsmikil, rétt eins og íslensk ferðaþjónusta er sem atvinnugrein. Ljóst er að af nægum verkefnum verður að taka í framhaldinu, bæði fyrir landshlutasamtök og áfangastaðastofur landshlutanna, sem samkvæmt stefnunni munu gegna lykilhlutverki við framkvæmd fjölmargra verkþátta.

Landshlutasamtökin hafa nýtt fyrri tækifæri til að skila inn umsögnum og hefur verið tekið tillit til flestra þeirra athugasemda sem samtökin hafa komið með. Þó eru nokkur atriði sem SSNE vill koma á framfæri til viðbótar.

Í tengslum við *Efnahag* er fjallað um markvissa og viðvarandi markaðssetningu á Íslandi (B.2) og vilja samtökin taka undir fyrri tillögu Markaðsstofa landshlutanna að orðalagi sé breytt á eftirfarandi hátt:

“Tryggt verði, í gegnum fimm ára fjármálaáætlun, að árlega fari opinbert fjármagn til neytendamarkaðssetningar í ferðaþjónustu, sem nánar verði kveðið á um í samningi menningar- og viðskiptaráðuneytisins við Íslandsstofu og Áfangastaðastofur landshlutanna, þar sem fram koma m.a. áherslur stjórnvalda í markaðssetningu ferðaþjónustu á hverjum tíma.”


Í kafla aðgerðaráætlunar um *Samfélag* er meðal annars fjallað um áfangastaðastofur sem stoðkerfi ferðaþjónustunnar (C.2) en í þeim verklið er lagt til að tryggja fjármögnun áfangastaðastofa í öllum landshlutum. Það ber að fagna því að skýra eigi hlutverk áfangastaðastofa og rekstur þeirra tryggður til lengri tíma, en þær eru í dag reknar með tímabundnum samningum. Áfangastaðastofur landshlutanna eru sjö talsins en sinna átta landshlutum og því ljóst að viðbótarfjármagn upp á 40 milljónir, sem ætlaðar eru til rekstrar þeirra allra, munu hrökkva skammt.

Í lið C.7 er fjallað um Samstarf um móttöku skemmtiferðaskipa og nýtingu innviða. Fjallað var um það málefni á ársþingi SSNE 2024 og leggur SSNE áherslu á að kallað verði eftir aðkomu sveitarfélaganna með sterkari hætti og þá til dæmis í gegnum landshlutasamtökin þar sem oft snerta komur skemmtiferðaskipa fleiri sveitarfélög en bara þau sem hafa hafnirnar. Þá er ljóst að fjármagn verður að koma til framkvæmdar á þessum verklið.

Stjórn SSNE fagnar áformum um uppbygging millilandaflugvalla en vekur athygli á því að í tengslum við lið C. 10 Uppbygging millilandaflugvalla styðji við dreifingu ferðamanna, hefur átt sér stað kostnaðarmat og ljóst að aukið framlag til verkefnisins verður að vera að lágmarki 50 m.kr..

Í kaflanum um *Umhverfi* er sett fram markmið um að hraða orkuskiptum í ferðþjónustu (D.6) og ber að fagna því enda mikilvægur þáttur í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í aðgerðaráætluninni er lögð sérstök áhersla á orkuskipti í innanlandsflugi og bílaleigur en einungis er áætlað að setja 30 m.kr. í þann málaflokk. Töluvert langt er þangað til að við sjáum orkuskipti í flugi og því væri raunhæfara að forgangsraða á annan hátt, eins og að tryggja innviði til orkuskipta um land allt, t.d. með uppsetningu hraðhleðslustöðva en enn er verulegur skortur er á öflugum hleðsluinnviðum víða um land.

Fyrir hönd SSNE,



Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
framkvæmdastjóri